

Fundargerð Aðalfundar Skíðafélags Ísfirðinga 2024

Fundur var haldinn í Skíðaskálanum Tungudal þann 5.maí 2025 og hófst fundur kl. 20.00.

Elena Dís Víðisdóttir formaður SFÍ bauð fundargesti velkomna og hélt erindi áður en hún skipaði starfsmenn fundarins. Farið var yfir lögmæti fundarins en til fundarins var fyrst boðað þann 21.apríl 2025 á Facebook síðu félagsins og heimasíðu félagsins www.snjor.is og er því fundurinn löglega boðaður. Fundarstjóri er Elena Dís og fundargerð ritar Ásgerður Þorleifsdóttir

1. Skýrsla stjórnar

Elena las upp árskýrsluna þar sem farið var yfir starfsemi ársins 2024. Árið 2024 er fyrsta heila starfsár núverandi stjórnar og stiklaði Elena á helstu verkefnum og afrekum ársins.

2. Stjórn leggur fram skoðaða reikninga félagsins

Ásgerður fór yfir ársreikninga félagsins. Tekjur ársins voru 20,5 milljónir og gjöld 18,6 milljónir. Hagnaður félagsins var 1,9 milljónir kr.

3. Umræða um skýrslu og reikninga

Rætt var um ferðakostnað, hvernig hann hefur breyst frá því að ný stjórn tók við en sá kostnaður sem fellur á félagið er hlutur þjálfara í ferðakostnaði, þ.e. bensín, bílaleigubíll og gisting. Þá greiðir SFÍ útlagðan kostnað þjálfara í keppnisferðum. Jafnframt greiðir SFÍ niður ferðakostnað á hvern keppanda samtals 5.000 krónur á ferð. Annar kostnaður er greiddur af þeim iðkendum sem fara á mót.

Gylfi Ólafsson hrósaði stjórn fyrir vel unnin störf og hlaut lófaklapp fundargesta.

4. Lagabreytingar

Engar lagabreytingar lágu fyrir fundinum í ár.

5. Kosning stjórnar fyrir næsta starfsár

Úr stjórn ganga Sigríður Lára Gunnlaugsdóttir ritari og Ingibjörg Heba Halldórsdóttir varamaður og eru þeim færðar kærar þakkir fyrir þeirra ómetanlega vinnuframlag sem þær hafa fært í þágu SFÍ.

Þeir sem bjóða sig fram í stjórn SFÍ til næsta starfsárs eru:

Elena Dís Víðisdóttir – Formaður

Ásgerður Þorleifsdóttir

Jóna Dagbjört Pétursdóttir

Jóhanna Fylkisdóttir

Ingibjörg Elín Magnúsdóttir

Varamenn

Vignir Örn Pálsson

Dóra Hlín Gísladóttir

Samþykkt samhljóða.

Þeir sem buðu sig fram í göngunefnd voru:

Jóhanna Fylkisdóttir

Einar Birkir Sveinbjörnsson

Hlynur Kristinsson

Árni Freyr Elíasson

Elín Marta Eiríksdóttir

Samþykkt samhljóða

Úr alpanefnd gengur Hrefna María Jónsdóttir. SFÍ þakkar kærlega fyrir hennar framlag.

Þeir sem buðu sig fram í alpanefnd voru:

Thelma Guðmundsdóttir

Freyr Björnsson

Björg Sveinbjörnsdóttir

Birna Jónasdóttir

Samþykkt samhljóða

Ákveðið var að starfrækja sér brettanefnd fyrir komandi starfsár. Þeir sem buðu sig fram í brettanefnd voru:

Júlía Ósk Bjarnadóttir

Ingbjörg Heba Halldórsdóttir

Tyler Wacker

Samþykkt samhljóða.

6. Önnur mál

- Farið yfir rekstraráætlun fyrir 2025. Litlar breytingar eru áætlaðar fyrir árið 2025. Þó er gert er ráð fyrir auknum launakostnaði og kostnaði vegna launavinnslu þar sem stefnt er að þjálfarar verði allir launþegar næsta vetur.
- Farið var yfir Styrktarsjóð Ísfirskra skíðabarna sem stofnaður var á árinu 2024. Reglur sjóðsins voru kynntar og samþykktar. Í umræðum um sjóðinn var bent á að markmið og tilgangur þessa sjóðs væru nánast þau sömu og Styrktarsjóðurinn Framför sem var einmitt stofnaður líka af velunnurum SFÍ á sínum tíma. Því miður hefur enginn starfsemi verið í sjóðnum og engir stjórnar né aðalfundir haldnir en mikil þörf er á slíkum sjóði enda afreks starf öflugt innan SFÍ.
- Gylfi Ólafsson lagði til tillögur fyrir skíðaþing í haust, gera eftirfarandi lagabreytingar.
 - Að Fossavatnsgangan (FVG) verði lokagangan í Íslandsgöngunni.
 - FVG verði skilgreind sem Íslandsmeistaramót í 50 km.
 - Reglum um Bikarmót verði breytt og hætt verði að veita verðlaun í aldursflokkum eftir 17 ára. Einungis verði veitt verðlaun fyrir 17 ára og eldri.

- Ástmar vill að endurskoðuð verði breyting sem gerð var á síðasta skíðþingi um vegalengdir og keppnisgreinar á Skíðalandsmóti Íslands og þær samræmdar því sem tíðkast á sambærilegum mótum á Norðurlöndum.
Formaður verður í sambandi við Gylfa og göngunefnd þegar nær dregur SKÍ að vinna þessar tillögur að lagabreytingum.
- Farið yfir hvaða nefndir eru aðrar en þær sem kosið er sérstaklega til á aðalfundi. Það eru mótanefnd alpagreina, fjáröflunarnefnd, Andrésarnefnd og ritnefnd Skíðablaðsins og það væru allir velkomnir til starfa sem áhuga hafa.
- Þá var rætt það að skoða að hafa æfingabúðir að hausti. Hvort sem það er fyrir heimakrakka þvert á deildir eða bjóða öðrum félögum að koma.

Fundi slitið kl 20:58